

Re: ósk um umsögn deiliskipulag Brjánslækur

Búið til	8.4.2022 16:28:19
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	8.4.2022 16:28:18
Tilheyrir	📁 202111-0039 - Brjánslækur - deiliskipulag

Efni

Re: ósk um umsögn deiliskipulag Brjánslækur

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	8.4.2022 16:28:18	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	oskar@landmotun.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Komdu sæll,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar:

Tilvísun í mál nr. 202111-0039 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar, dags. 23. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir Brjánslæk.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögun um skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulagsins þann 13. desember 2021. Þá veitti stofnunin umsögn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar við smábæjarhöfn í Brjánslæk þann 10. janúar 2022. Náttúrufræðistofnun taldi að framkvæmdin þyrfti ekki að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum en kom með ýmsar ábendingar. Þann 1. febrúar 2022 birti Skipulagsstofnun álit sitt þar sem staðfest er að framkvæmdin sé ekki matsskyld.

Ábendingar Náttúrufræðistofnunar í umsögnum sínum um málið hingað til hafa einkum beinst að því að smábátahöfnin er staðsett innan verndarsvæðis Breiðafjarðar skv. ákvæðum laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og er einnig í næsta nágrenni við önnur náttúruverndarsvæði, friðlandið í Vatnsfirði og náttúruvættið í Surtarbrandsgili þó framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa bein áhrif á hið síðarnefnda nema mögulega leiða til aukinnar umferðar ferðamanna.

Í umsögninni um matsskyldu framkvæmdarinnar kom m.a. fram eftirfarandi „Þótt umhverfi Brjánslækjarhafnar sé töluvert raskað eru enn lítt snortnar þangfjörur bæði norðan og sunnan við hafnarsvæðið. Ljóst er þó að gerð 123 metra langs grjótgardar mun valda raski á grunnsævisbúsvæðum þörunga og sjávardýra. Ekki er þó um mjög stórt svæði að ræða og er það þegar undir álagi vegna nálægðar við núverandi höfn.

Framkvæmdin er innan friðlands Breiðafjarðar og taka þarf fullt tillit til þess á framkvæmdatíma og m.a. koma í veg fyrir allt óþarfa rask sem gæti haft áhrif á lífríki svæðisins. Til dæmis ætti að forðast framkvæmdir á varptíma fugla, sérstaklega þegar t.d. æðarfuglar með unga eru á svæðinu. Þá þarf að tryggja mengunarvarnir þ.m.t. gegn gruggmengun. Jákvætt er að smábátahöfninni sé valinn staður við núverandi höfn þar sem náttúru hefur verið raskað frekar en að velja nýtt svæði á óröskuðum stað innan friðlandsins. Mikilvægt er að huga að áhrifum af rekstri smábátahafnar á lífríki svæðisins. Skoða þarf hvort og hvernig aukin umferð smábáta samræmist t.d. reglum um friðland í Vatnsfirði sem og friðlýsingu Breiðafjarðar almennt. Ekki kemur fram hvað það sé áætlað að margir bátar nýti smábátahöfnina. Viðkvæm búsvæði eins og selalátur, varpsvæði hafarnar og fleiri fuglategunda og fjörusvæði sem eru viðkomustaðir farfugla eru í Vatnsfirði og næsta nágrenni.“

Þessar ábendingar eiga allar áfram við um deiliskipulagstillöguna. Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins er umfjöllun um áhrif á lífríki mjög takmörkuð og hefði mátt minnst á rask á búsvæðum fugla og botndýra vegna framkvæmdarinnar þótt lítið sé. Styðjast hefði mátt við ábendingar Náttúrufræðistofnunar í umsögn sinni um matsskylduna en um þær ábendingar er einnig fjallað í áliti Skipulagsstofnunar. Mikilvægt er að þær rati inn í framkvæmdaleyfi eins og við á. Þá eiga athugasemdirnar um möguleg áhrif af rekstri smábátahafnar á lífríki einnig við og mikilvægt að sveitarfélagið hugi að því og beini ábendingum til rekstraraðila og notendur þegar þar að kemur. Einnig mætti huga að vöktun af áhrifum á lífríki þegar þar að kemur. Að mati Náttúrufræðistofnunar fylgir nokkur óvissa um möguleg umhverfisáhrif af aukinni smábátaumferð um svæðið en líklegt að af henni muni stafa einhver truflun fyrir dýralíf. Því væri eðlilegra að niðurstaða umhverfismatsins fyrir áhrif á dýralíf væru óveruleg/neikvæð frekar en óveruleg.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Óskar Örn Gunnarsson" <oskar@landmotun.is>

To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "breidafjordur@nsv.is" <breidafjordur@nsv.is>; "eftirlit@hevf.is" <eftirlit@hevf.is>; "ov@ov.is" <ov@ov.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Upplýsingar - Ferðamálastofa" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>

CC: "elfar@vesturbyggd.is" <elfar@vesturbyggd.is>

Subject: ósk um umsögn deiliskipulag Brjánslækur

Date: 23.2.2022 11:56:49

Góðan daginn

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi deiliskipulagstillögu.

M.kv.

Óskar Örn Gunnarsson
Skipulagsfræðingur SFFÍ
s. 575 5306 – 847 4346

Hamraborg 12 - 200 Kópavogur - 575 5300

Hönnun – skipulag – ráðgjöf - kortagerð
[www. landmotun.is](http://www.landmotun.is)

Viðhengi

image001.png (5 KB)